# Kveðja frá
# forseta Íslands
# Guðna Th. Jóhannessyni

Undanfarin ár hefur Kiwanishreyfingin safnað fé til styrktar Píeta-samtökunum Ísland og BUGL, Barna- og unglingageðdeild Landspítala Íslands. Innan raða Píeta er sinnt forvörnum gegn sjálfsvígum og sjálfsskaða; á barna- og unglingageðdeildinni er unnið mikilvægt starf.

Áfram sýna Kiwanisfélagar sömu velvild og samhug í verki. Með kaupum á K-lyklinum styrkir fólk gott málefni, eflir starf á mikilvægum vettvangi og spornar gegn fordómum um geðsjúkdóma.

Ég hvet alla, sem á því hafa tök, til að styðja þetta öfluga framtak Kiwanishreyfingarinnar. Tökum Kiwanisfólki vel á K-deginum!

Bessastöðum, 12. mars 2019.

Guðni Th. Jóhannesson